

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

### 162. fundur.

Árið 2009 fimmtudaginn 10. desember kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 162. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl.15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð. Í upphafi fundar gerði oddviti tillögu um að inn á dagskrá fundarins verði teknir liðir 7b og 7c í fundargerð 163. fundar skipulags- og umhverfisráðs. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
  - a) Fundargerð 622. fundar 16. nóvember. Fundargerð í 9 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 623. fundar 17. nóvember. Fundargerð 1 liður. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - c) Fundargerð 624. fundar 23. nóvember. Fundargerð í 6 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 4. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að sorpgjald skuli innheimt af heimilum í dreifbýli þar sem um lögheimilisfesti er að ræða. Á þeim heimilum skal skipulögð sorphjónusta veitt. Í sumarhúsum og íbúðarhúsnæði í dreifbýli þar sem ekki er um lögheimilisfesti að ræða skal leggja á og innheimta sorpeyðingargjald.“ Borinn undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 4 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
  - d) Fundargerð 625. fundar 25. nóvember. Fundargerð 1 liður. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - e) Fundargerð 626. fundar 30. nóvember. Fundargerð í 9 liðum. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 3 atkvæðum. Rakel Runólfsdóttir óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi bókun við 6. lið fundargerðarinnar: „Sveitarstjóri kynnti að hann hafi sent landbúnaðarráðuneytinu umsögnina.“
  - f) Fundargerð 627. fundar 7. desember. Fundargerð í 6 liðum. Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 4 atkvæðum. Rakel Runólfsdóttir óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
2. Fundargerð 100. fundar félagsmálaráðs. Oddviti kynnti. Fundargerð í 3 liðum 24. nóvember. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.
  - a) Fundargerð 169. fundar 11. nóvember. Fundargerð 1 liður. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra gerir ekki athugasemd við skipulagstillögu um breytingu á aðalskipulagi Bæjarhrepps 1995-2015.“ Fundargerðin borin undir atkvæði ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með

- 6 atkvæðum gegn 1. Oddur Sigurðarson óskaði bókað að hann greiði atkvæði gegn tillögunni.
- b) Fundargerð 170. fundar 8. desember. Fundargerð í 8 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra ítrekar að umhverfismál heyra undir skipulags- og umhverfisráð. Nefnd um umhverfismál sem samþykkt var af sveitarstjórn á 161. fundi þann 12. nóvember sl. er tímabundin nefnd.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
- c) Fundargerð 163. fundar skipulags- og umhverfisráðs. 7. dagskrárliður b. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Að fenginni staðfestingu Umhverfisráðherra á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014. Samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra framlagðar tillögur um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Búland á Hvammstanga.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- d) Fundargerð 163. fundar skipulags- og umhverfisráðs. 7. dagskrárliður c. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Að fenginni staðfestingu Umhverfisráðherra á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra framlagða tillögu um deiliskipulag smábýlalóða austan Höfðabrautar á Hvammstanga.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1. Oddur Sigurðarson óskaði bókað að hann greiði atkvæði gegn tillögunni.
4. Fjárhagsáætlun Húnaþings vestra árið 2010 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að álagning útsvars fyrir rekstrarárið 2010 verði 13,28%. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar gjaldskrár fyrir árið 2010 vegna:
- a) Álagning fasteignagjalda. Samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1.
- b) Þjónustustofnana. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) Hafnarsjóðs. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- d) Hitaveitu. Samþykkt með 4 atkvæðum.
- Skrifstofustjóri og sveitarstjóri kynntu framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa fjárhagsáætlun árisins 2010 fyrir sveitarsjóð og fyrirtæki til síðari umræðu í sveitarstjórn 17. desember nk. kl. 09:30.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:25.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari (sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Elín R. Líndal(sign.),

Gunnar Þorgeirsson(sign.),

Stefán Böðvarsson (sign.),

Skúli Þórðarson(sign.).

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Þ. Karl Eggertsson(sign.),

Oddur Sigurðarson(sign.),

Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),